

Ferðafélag Íslands
Mörkinni 6
108 Reykjavík

31. maí 2019
UST201905-011/P.V.B.
09.07.01

Efni: Umsókn um leyfi til framkvæmda - Hornbjargsviti

Umhverfisstofnun hefur mótttekið umsókn Ferðafélags Íslands, dagsett 2. maí 2019, um leyfi til framkvæmda innan friðlandsins á Hornströndum.

Hornstrandir eru friðlýstar sem friðland sbr. auglýsing í Stjórnartíðindum nr. 332/1985. Mannvirkjagerð öll, jarðrask og önnur breyting á landi, svo og undan landi allt a 60 föðmum (115m) frá stórstraumsfjörumáli, er háð leyfi Umhverfisstofnunar. Umferð vélknúinna farartækja utan vega og merktra slóða er bönnuð, nema leyfi Umhverfisstofnunar komi til. Samkvæmt stjórnunar og verndaráætlun friðlandsins er óheimilt að lenda þyrlum innan friðlandsins nema með leyfi Umhverfisstofnunar.

Lýsing verkefnis:

Fyrirhugað er að endursmíða núverandi stiga og togbraut á sama stað og núverandi mannvirki. Stigi verður smíðaður úr efni sem er til staðar og lagfærður með nýju timbri. Í stigan verða settir hvíldarpallar, þrepadeiling verður í samræmi við reglugerð og sett verður handrið á stigan. Kjálkar í stiganum eru úr 45x230 mm burðarvið, þrepin eru úr grindarstáli til að þau séu ekki hál í bleytu eru þau fest með 45x95 mm undirleggi. Hvíldarpallar eru úr plastfíber ristarefni til að þau séu ekki hál og hvíla á 45x230 burðarvið, hvíldarpallar eru 120x100 á stærð. Handrið er úr galvaníseruðu röri, handriðsstólpar eru 1“ galvaníseruðum rörum handrið er úr 1“ galvaníseruðu röri boltuðu á handriðsstólpa og liggjandi pílórar eru úr ½“ galvaníseruðu röri boltað á handriðsstópanna. Hæð handriðs verður 90 cm. Festingar undir hvíldarpalla eru boraðar í klöpp þar sem það gengur annars eru rör rekinn niður í jarðveg sem festingar fyrir bjálkaskó sem festingar fyrir 95x95 timburstödir. Neðstu 10 metrarnir af stiganum verður hægt að lyfta og draga upp til að koma í veg fyrir tjón af völdum sjógangs. Togbrautin er úr 45x230 burðarvið fest saman með 45x95 undirleggjum og gólfið verður krosviðsplötur. Notast er við þær jarðfestingar sem eru til staðar fyrir togbrautina og lagfærðar sem kostur er. Stiginn verður framlengdur við hlið togbrautar til að auka öryggi og bæta aðgengi, endar stiginn þá á vörumótökupallinum þar sem togbrautin endar og stígur þaðan notaður fyrir fólk og vörur. Núverandi stigi og togbraut verða fjarlægðar og fargað á viðurkenndan hátt. Efni í framkvæmdina verður flutt á svæðið með varðskipinu Tý og hífður í land með þyrlu Landhelgisgæslunnar. Gert er ráð fyrir að efnið verði flutt í land á tímabilinu 12.-15. júní og mun taka nokkrar klukkutíma. Þyrlan mun þurfa að lenda við vitan vegna hífingarvinnunar. Áætlaður framkvæmdartími er 20. júní til 25. júlí 2019.

Umsagnir:

Umhverfisstofnun óskaði umsagnar Hornstrandarnefndar vegna framkvæmdarinnar áður en fullnaðarhönnun á nýju mannvirkjunum lá fyrir. Samþykkti nefndin framkvæmdina fyrir sitt leiti en lagði til að leyfi til framkvæmda yrði ekki veitt fyrir en fullnaðarhönnun lægi fyrir.

Áhrifamat:

Umhverfisstofnun metur að verkefnið muni ekki hafa neikvæð áhrif á verndargildi svæðisins. Um er að ræða afturkræfa framkvæmd sem mun ekki hafa neikvæð áhrif á lífríki svæðisins. Framkvæmdin mun hafa jákvæð áhrif á öryggi þeirra gesta sem sækja svæðið heim en hætt er við að gestir muni verða fyrir óþægindum rétt á meðan framkvæmd fer fram þar sem ófært mun verða úr fjörunni og einnig mun gæta nokkurs hávaða.

Skilyrði:

Umhverfisstofnun veitir Ferðafélagi Íslands fyrir sitt leyti leyfi fyrir framkvæmdum við stiga og togbraut við Hornbjargsvita sbr. lýsingu hér að ofan á tímabilinu 20. júní til 25. júlí 2019 að uppfylltum eftirfarandi skilyrðum:

- Hafa skal þetta bréf með í för á meðan verkefninu stendur og kynna fyrir starfsfólki þau skilyrði sem fylgja leyfinu, áður en undirbúningur og vinna hefst.
- Tilkynna skal til starfsmanns Umhverfisstofnunar á svæðinu hvenær undirbúningur fyrir verkefnið hefst og þegar því lýkur með að minnsta kosti tveggja sólarhringa fyrirvara.
- Umhverfisstofnun skal tilkynnt um öll frávik við áður útgefna verkefnalýsingu, og eins ef breyting verður á tímasetningu verkefnis eins fljótt og auðið er.
- Virða skal umgengnisreglur sem gilda um svæðið.
- Forðast skal óþarfa rask og stærð framkvæmdasvæðis skal haldið í lágmarki.
- Vandað verði við frágang eftir að verki lýkur.
- Ef upp koma álitamál um framkvæmdir sem tengjast verkefninu og frágang svæðisins skal hafa samband við Umhverfisstofnun í síma 591-2000.
- Að efnisval og útlit verði í samræmi við önnur mannvirki á svæðinu og falli vel að landslagi.
- Umsækjanda ber að tryggja viðhald mannvirkisins og ef notkun þess er hætt skal það fjarlæggt.
- Óheimilt er að trufla dýralíf.
- Óheimilt er að farga úrgangi frá framkvæmdinni innan friðlandsins. Skal allur úrgangur fluttur úr friðlandinu eigi síðar en framkvæmdunum líkur til förgunar á viðurkenndri endurvinnslustöð/urðunarstað.
- Ef sár myndast í gróðurþekju í tengslum við framkvæmdirnar er heimilt að dreifa áburði í sárið en ekki má dreifa fræjum tegunda sem ekki eru fyrir á svæðinu.
- Haga skal vinnu með þeim hætti að hávaða og vinnutíma verði stillti í hóf þannig að gestir innan svæðisins verði ekki fyrir truflun á kvöldin og að nóttu til.
- Haga skal flugi þyrilu og landingum með þeim hætti að gestir svæðisins verði fyrir sem minnstu ónæði.
- Ef leita þarf til annara aðila en Landhelgisgæslunnar með hífingar þarf leyfi Umhverfisstofnunar til lendingar þyrlnanna innan friðlandsins.

Ef framkvæmdaraðili veldur náttúruspjöllum með framkvæmd í skilningi 87. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd getur Umhverfisstofnun t.d. lagt fyrir framkvæmdaraðila að afmá jarðrask og lagfæra gróðurskemmdir eða stöðvað framkvæmdir sbr. nánar XV. kafla laganna.

Ef umhverfisaðstæður á svæðinu breytast getur Umhverfisstofnun skv. 2. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd breytt skilyrðum leyfis, bætt inn nýjum skilyrðum eða afturkallað leyfið til að koma í veg fyrir verulegt, ófyrirséð tjón á náttúru Íslands.

Leyfi landeigenda og/eða sveitarfélags gæti þurft fyrir verkefninu.

Sé skilyrðum leyfis ekki fullnægt getur Umhverfisstofnun afturkallað leyfið skv. 1. mgr. 89. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Leyfisgjald:

Umhverfisstofnun innheimtir gjald fyrir vinnslu og afgreiðslu umsókna um leyfi á friðlýstum svæðum sbr. 1. mgr. 92. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd. Gjald fyrir umsókn um framkvæmdir er kr. 39.400.- sbr. 24. gr. b. gjaldskrá Umhverfisstofnunar nr. 535/2015. Var reikningur gefin út við móttöku umsóknar. Hafi vinnsla og útgáfa leyfis í för með sér meiri kostnað fyrir Umhverfisstofnun en sem nemur grunngjaldi er heimilt að innheimta tímagjald fyrir slíka umframvinnu. Tímagjald fyrir umframvinnu er kr. 13.200 per klst. sbr. 1. gr. gjaldskrá Umhverfisstofnunar.

Eftirlit:

Umhverfisstofnun mun hafa eftirlit með framkvæmdum og frágangi á svæðinu. Eftirlitið verður framkvæmt af eftirlitsmanni frá Umhverfisstofnun.

Virðingarfyllt



Kristín Linda Árnadóttir
forstjóri



Kristín Ósk Jónasdóttir
sérfræðingur